


AFSTÖÐUMYND 1/2000

# Deiliskipulag

## Kringla I, lóð 4, Grímsness- og Grafningshreppi

## Landnúmer: 200487

### Deiliskipulag

Deiliskipulag þetta er í samræmi við staðfest aðalskipulag frá 28. apríl 2003 ásamt breytingu á því frá apríl 2005 og lóðarblað unnu af Pétri H Jónssyni frá janúar 2005.

Staðhættir
Skipulagssvæðið er spilda úr landi Kringlu I í Grímsness- og Grafningshreppi og afmarkast að austan og sunnan af jörðinni Kringlu II. Í vestri af Sólheimavegi og í norðri af Kringlugili. Spildan sem tekin er til skipulags kallast Kringla I lóð nr. 4 og hefur landnúmer 200047. Landið er 9,5ha að stærð, mólendi, tún og grunn mýri í ca. 70m hæð yfir sjávarmáli og liggur fyrir austan þjóðveg nr. 354 Sólheimaveg. Aðkoma er frá Sólheimavegi um það bil 2km sunnan við gatnamót þjóðvegar nr. 35 Biskupstungnabraut.

Þjónusta
Um það bil 30km eru á Selfoss, þar sem alla þjónustu er að finna s.s. verslun, banka, pósthús og heilsugæslustöð. Þar eru einnig sýslumaður, lögregla og brunavarnir. Um 9km eru að Borg í Grímsnesi þar sem er verslun, skóli, sundlaug og hreppsskrifstofur.

Kortagrunnur
Teiknað og hnitsett eftir loftmynd frá Ísgraf ehf. og mælingu Verkfræðistofu Suðurlands frá 1995.

Hönnun
Skipulagið er unnið af Ingólfi Steinari Margeirssyni, byggingatæknifræðingi 070252-3099 í apríl 2005

.....................................................................................

DEILISKIPULAG ÞETTA SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SKV. 25. GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGARLAGA NR. 73/1997 VAR SAMÞYKKT AF SVEITARSTJÓRN GRÍMSNESS- OG GRAFNINGSHREPPS

ÞANN .......................................

.....................................................................................




YFIRLITSMYND 1/45000

### Skipulagsskilmálar

Landnotkun
Landnotkun skv. breytingu á aðalskipulagi í apríl 2005 er landbúnaðarsvæði.

Götur og bílastæði
Innakstur á lóðina verður frá Sólheimavegi úr vestri. Bílastæði skulu vera þrjú við hvert hús. Götur innan svæðisins og staðsetning bílastæða er sýnd á skipulagsuppdrætti.

Gróður
Trjárækt er heimiluð á svæðinu.

Stofnlagnir
Heimtaugar hitaveitu, neysluvatns og síma tengjast stofnlögnum veitna meðfram þjóðvegi og liggja meðfram heimreið að sunnanverðu að viðkomandi húsum. Heimtaug rafveitu kemur frá Kringlu II og liggur þvert yfir landið. Slökkvivatn verður tekið úr lögn kaldavatnsveitu hreppsins.

Sorp og fráveita
Grímsness- og Grafningshreppur mun sjá um sorphirðu gegn sorpheinsunargjaldi. Staðsetning gáms fyrir heimilissorp er í landi Bjarnastaða, á horni Biskupstungnabrautar og Sólheimavegar. Við hvert hús er gert ráð fyrir rotþró af viðurkenndri gerð. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa er háður samþykki heilbrigðisfulltrúa Suðurlands.

### Byggingarskilmálar

Almenn atriði
Um byggingar og önnur mannvirki á lóðinni gilda öll ákvæði laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulags- og byggingarlög, byggingarreglugerð, skipulagsreglugerð, lög og reglur um bruna- og mengunarvarnir, íslenskir staðlar og blöð Rb eftir því sem við á.

Húsgerðir
Leyfilegt verður að byggja þrjár byggingar á lóðinni. Eina landbúnaðarbyggingu á byggingarreit A. Eitt íbúðarhús á byggingarreit B og eitt íbúðarhús á byggingarreit C. Hús skal staðsetja innan uppgefins byggingarreits sem sýndur er á skipulagsuppdrætti.

Byggingarreitur A
Á reitnum er heimilt að reisa eina landbúnaðarbyggingu á einni hæð, allt að 300 m2 að grunnfleti. Þakform skal vera risþak. Stefna aðalmænis skal vera samsíða þjóðvegi. Mesta hæð á mæni skal ekki vera meiri en 6,5 m.

Byggingarreitur B
Á reitnum er heimilt að reisa eitt íbúðarhús allt að 250 m2 að grunnfleti. Þakform skal vera ris- eða valmaþak. Stefna aðalmænis skal vera samsíða þjóðvegi, eða hornrétt á hann. Mesta hæð á mæni skal ekki vera meiri en 5,0 m.

Byggingarreitur C
Á reitnum er heimilt að reisa eitt íbúðarhús allt að 250 m2 að grunnfleti. Þakform sé ris- eða valmaþak. Stefna aðalmænis skal vera samsíða þjóðvegi, eða hornrétt á hann. Mesta hæð á mæni skal ekki vera meiri en 5,0 m.

SKÝRINGAR:

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- LÓÐAMÖRK
- BYGGINGARREITUR